



Í Skattatíðindum er sem fyrr fjallað á einfaldan og hnitmiðaðan hátt um það helsta sem er á döfinni í málefnum tengdum sköttum. Í tölublaðinu að þessu sinni er m.a. fjallað um þrjú bréf ríkisskattstjóra þar sem hann lætur í ljós túlkun sína á álitafnum er varða auðlegðarskatt, takmarkaða skattskyldu og staðgreiðslu stjórnarlauna. Þá er einnig komið inn á alþjóðlegan skattarétt þar sem fjallað er um dóm Evrópudómstólsins hvað varðar flutning félaga innan EES.

## Túlkunir ríkisskattstjóra

### Mat á eignarhlut í sameignarfélagi til stofns til auðlegðarskatts

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 3/12 er fjallað um útreikning auðlegðarskatts af eign manna í sameignarfélagi eða samlagsfélagi. Gera ber grein fyrir eignarhlut í slíkum félögum, sem og öðrum félögum, í skattframtali og er meginreglan sú að verðmæti eignar í félagi skuli talið fram á nafnverði (stofnverði), nema raunvirði reynist lægra. Af þessu leiðir að ef virði þessara eigna eykst kemur sú verðmætaaukning ekki fram á skattframtali.

Í ákvæði því sem kveður á um auðlegðarskattinn felst hins vegar sérregla um á hvaða verði menn skulu telja fram eignarhlut sinn í hlutafélagi eða einkahlutafélagi til auðlegðarskatts. Gagnvart auðlegðarskatti ber að telja fram verðmæti hlutar á markaðsverði, sé félagið skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, en annars á verði sem svarar til hlutdeildar í skattalegu eigin fé félagsins.

Samkvæmt orðanna hljóðan tekur ákvæðið aðeins til verðmætis hluta í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Álitafnið var því hvort framangreind regla ætti jafnframt við um eignarhlut í sameignarfélagum og samlagsfélögum.

Ríkisskattstjóri taldi að þótt ekki kæmi það sérstaklega fram í ákvæðinu þá yrði að álykta sem svo að það tæki einnig til sameignarfélaga og samlagsfélaga með hliðsjón af fyrri málsgrein ákvæðisins. Sú málsgrein kveður á um á hvaða verði lögaðilar skulu telja fram eign sína í öðrum lögaðilum. Þar gildir sama regla og á við um eign manna í hlutafélögum og einkahlutafélögum, þ.e. eign skal telja fram á markaðsverði eða sem hlutdeild í skattalegu eigin fé félags.

Ekki verður annað séð en ríkisskattstjóri beiti löggjöfnun til að komast að niðurstöðu sinni. Almennt hefur verið talið að ákvæði stjórnarskrár girði fyrir að hægt sé að beita þeirri réttarheimild til að leggja á menn hærri álgögur en ella.

## Efni Skattatíðinda

### Túlkunir ríkisskattstjóra

#### Mat á eignarhlut í sameignarfélagi til stofns til auðlegðarskatts

Til stofns til auðlegðarskatts ber að telja eignarhlut í sameignarfélagi og/ eða samlagsfélagi á markaðsverði eða hlutdeild í skattalegu eigin fé félagsins.

#### Bls. 1

#### Laun erlendra manna vegna vinnu á Íslandi

Laun manna með skattalega heimilisfesti utan Íslands vegna starfs sem innt er af hendi meðan dvalið er á Íslandi eru skatt- og staðgreiðsluskyld hér á landi hvort sem starfið er innt af hendi fyrir innlendan eða erlendan launagreiðanda.

#### Bls. 2

#### Endurgjald vegna stjórnarsetu sem greitt er vinnuveitanda

Ekki þarf að halda eftir staðgreiðslu skatts af stjórnarlaunum, sem greidd eru vinnuveitanda vegna stjórnarsetu starfsmanna hans, ef starfsmaðurinn er ekki skattskyldur af laununum.

#### Bls. 2

### Alþjóðlegur skattaréttur

#### Flutningur heimilisfestar félaga innan EES

EES ríki sem heimilar innlendum félögum að breyta um félagsform ber að sama skapi að veita félögum annarra ríkja EES möguleika á að breyta félagsformi sínu í þarlent félag.

#### Bls. 2

#### Fyrirhugaður skattur á fjármála-gerninga

Ólíklegt er að skattur á fjármálagerninga innan Evrópusambandsins, sem tillaga hefur verið lögð fram um, verði að veruleika.

#### Bls. 3

### Önnur tíðindi

#### Slysatryggingar við heimilisstörf

Ný reglugerð um slysatryggingar við heimilisstörf, felur í sér aukna tryggingavernd einstaklinga í og við heimili og sumarbústað.

#### Bls. 3

## Laun erlendra manna vegna vinnu á Íslandi

KPMG ehf. óskaði túlkunar ríkisskattstjóra á ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem fjallar um takmarkaða skattskyldu manna með skattalega heimilisfesti utan Íslands. Þar segir í 1. málslið að „*Allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér skulu greiða tekjuskatt af þeim launum. Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, [...] þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga samtals eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili.*“

Óskað var álits ríkisskattstjóra á því hvort ákvæðið ætti við um laun manna með skattalega heimilisfesti utan Íslands vegna starfs sem hann innir af hendi á Íslandi fyrir erlendan vinnuveitanda. Ef slík laun væru skattskyld var ennfremur óskað álits á því hvort halda ætti eftir staðgreiðslu af launum og þá með hvaða hætti og undir hvaða auðkennum.

Álit ríkisskattstjóra er að launin séu bæði skatt- og staðgreiðsluskyld hér á landi. Launþeganum beri að sækja um kennitölu hjá Þjóðskrá og skattkort í kjölfarið. Staðgreiðsluskyldan hvílir ennfremur á launþeganum og beri honum að skrá sig á launagreiðendaskrá á eyðublaðinu RSK 5.02, sem aðili sem fær laun frá erlendum aðila. Skylda til greiðslu tryggingagjalds og iðgjalds í lífeyrissjóð hvílir jafnframt á launþeganum sjálfum.

Þetta á þó ekki við ef tvísköttunar-samningur er til staðar á milli Íslands og heimaríkis erlenda mannsins en þá er skattlagningarrétturinn oftast nær eingöngu hjá heimaríkinu þegar um stutta dvöl er að ræða (færri en 183 daga) og ekki hefur myndast föst starfsstöð hér á landi.

## Endurgjald vegna stjórnsetu sem greitt er vinnuveitanda

KPMG ehf. óskaði afstöðu ríkisskattstjóra á því álitaefni þegar hluti af starfsskyldum einstaklings er að sitja í stjórnnum félaga og vinnuveitandi hans þiggur launin en ekki starfsmaðurinn. Hvort slíkt endurgjald sé skattskyldt í hendi starfsmannsins, en ef svo er ekki þá hvort greiðandanum sé skylt að halda eftir staðgreiðslu af þóknunum.

Í svari ríkisskattstjóra kemur fram að stjórnarseta teljist persónubundið starf og endurgjald fyrir starfann falli formlega til þess stjórnarmanns sem innir starfið

af hendi. Ekkert sé þó því til fyrirstöðu að stjórnarmaðurinn afsali sér launum fyrir starfið eða geri samning um að slík greiðsla verði greidd vinnuveitanda hans. Ef eðlilegar forsendur liggja að baki slíkum ráðstöfunum yrði vinnuveitandinn almennt skattskyldur af tekjunum en ekki stjórnarmaðurinn. Í slíku tilfelli getur ríkisskattstjóri fallist á að greiðandi beri ekki skyldu til að halda eftir og skila í ríkissjóð staðgreiðslu af stjórnarlaunum.

Eðlilegar forsendur telur ríkisskattstjóri m.a. vera; að það beinlínis leiði af vinnusambandinu að starfsmaðurinn sé skuldbundinn að inna starfið af hendi, að samið hafi verið fyrirfram um að starfsmaðurinn eigi ekki rétt á neinu sérgreiðdu endurgjaldi vegna starfans og að staða starfsmannsins hjá launagreiðandanum sé að öðru leyti þannig að hann geti ekki einn, eða með hjálp tengdra aðila, ráðið hvernig kjörum hans er háttað. Hafi ráðstafanirnar hins vegar grundvallast á óeðlilegum forsendum þar sem skattahagræði hefur ráðið för sé það hins vegar stjórnarmaðurinn sjálfur sem sé hinn skattskyldi aðili og ber þá að halda eftir skatti af launum í staðgreiðslu.

KPMG vill taka fram að það er alfarið á ábyrgð greiðanda stjórnarlaunanna hvort hann telji að framsal á rétti til stjórnarlauna hafi verið á eðlilegum forsendum. Fari svo að ríkisskattstjóri telji svo ekki vera ber greiðandinn óskipta ábyrgð með stjórnarmanninum á staðgreiðslunni, auk álags og dráttarvaxta frá þeim tíma sem standa átti skil á henni.

## Alþjóðlegur skattaréttur

### Flutningur heimilisfestar félaga innan EES

Þann 12. júlí sl. kvað Evrópudómstóllinn upp dóm sinn í máli nr. C-378/10 (VALE Épiési) sem varðaði flutning félags milli ríkja EES. Málavextir voru þeir að félagið VALE, sem stofnað var og skráð á Ítalíu, var afskráð opinberri skráningu á Ítalíu þar sem stefnt var að flutningi félagsins til Ungverjalands. Félagið fékkst hins vegar ekki skráð í Ungverjalandi þar sem þarlend lög heimiluðu ekki að erlendu félagi gæti verið breytt í innlent. Innlend félög gátu hins vegar breytt um félagsform. Þessi mismunur á rétti innlendra félaga og annarra félaga innan EES var borinn undir dómstóla í Ungverjalandi. Fór svo að hæstiréttur

landsins leitaði ráðgefandi álits Evrópudómstólsins um hvort landslögin væru í andstöðu við ákvæði EES samningsins um staðfesturétt, þ.e. rétt félaga ríkis EES til að öðlast staðfestu á yferráðasvæði annars ríkis EES án hafta og í samræmi við rétt innlendra félaga.

Evrópu dómstóllinn taldi að löggjöf ríkis, sem heimilaði aðeins innlendum félögum að breyta um félagsform en ekki félögum annarra ríkja EES, fæli í sér óheimila takmörkun á staðfesturéttinum. Dómstóllinn tók hins vegar fram að slík óheimil takmörkun gæti þó verið réttlæt看leg á grundvelli almannahagsmuna, s.s. til að gæta hags lánardrottna, minnihlutahafa og starfsfólks að því gefnu að hún væri viðeigandi og gengi ekki lengra en nauðsynlegt væri til að ná markmiði sínu. Dómstóllinn taldi hins vegar að höfnun skráningar félagsins í Ungverjalandi hefði ekki byggt á slíkum sjónarmiðum heldur komið í veg fyrir, með almennum hætti, að önnur félög en innlend gætu breytt félagsformi sínu og án tillits til þess hvort einhverjir almannahagsmunir væru yfir höfuð í hættu.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að ríkjum EES væri óheimilt að banna, með almennum hætti, félögum annarra ríkja EES að breyta félagsformi sínu í félagsform þess ríkis meðan innlendum félögum væri heimilt að breyta um félagsform. Það væri þó heimilt að setja því ákveðnar skorður hvernig slík breyting á félagsformi færi fram til verndar almannahagsmunum. Þó var sérstaklega tekið fram að þær skorður gætu ekki tekið til þess að horfa framhjá opinberum skráningargögnum annarra ríkja EES.

Ofangreindur dómur er athyglisverður fyrir þær sakir að líkt og í Ungverjalandi þá eru engar reglur á Íslandi sem heimila félögum ríkja EES að breyta félagsformi sínu í íslenskt. Slíkt er í andstöðu við staðfesturétt EES samningsins og þarf atbeina löggjafans til að gera breytingu þar á. Félag annarra ríkja EES eiga því rétt á að geta breytt félagsformi sínu í íslenskt félagsform, að uppfylltum þeim skilyrðum sem löggjafinn kys að setja slíkri breytingu.

## Fyrirhugaður skattur á fjármála- gerninga innan EES

Innan Evrópusambandsins hefur átt sér stað undirbúningur að sameiginlegum skatti sem fyrirhugað er að leggjast á fjármálaþjónustu innan sambandsins. Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu, sem samþykkt hefur verið af Evrópuþinginu, og kveður á um að lagður verði á að lágmarki 0,1% skattur á hefðbundin viðskipti fjármálastofnana með fjármálagerninga og 0,01% skattur á afleiðusamninga. Til að tillagan verði að veruleika þarf einróma samþykki ráðherraráðsins. Ráðið fundaði um tillöguna fyrir stuttu og var niðurstaðan sú að ekki hefði náðst einróma samstaða. Þó gæti verið að hluti ríkja sambandsins muni taka upp slíkan skatt en tíu ríki samþykktu að kanna frekar hvort grundvöllur væri fyrir sérstöku samstarfi um skattinn.

## Önnur tíðindi

### Slysatryggingar við heimilisstörf

Tekið hefur gildi ný reglugerð um slysatryggingar við heimilisstörf sem felur í sér aukna tryggingavernd frá því sem fyrr var. Hina nýju reglugerð má rekja til álits umboðsmanns Alþingis, en þar taldi umboðsmaður gildissvið eldri reglugerðarinnar vera of þröngt. Eftir breytinguna falla öll viðhaldsstörf og viðgerðir í og við heimili og sumarbústað, sem ekki eru liður í atvinnustarfsemi, undir trygginguna, en áður féllu eingöngu einföld og almenn viðhaldsverkefni á heimili þar undir. Framtjeljendur geta eins og áður sótt um slysatrygginguna með því að merkja við þar til gerðan reit á skattframtali sínu.

## Morgunverðarfundur næstkomandi fimmtudag



Skattatíðindi vilja vekja athygli á að síðasta fimmtudag hvers mánaðar er haldinn morgunverðarfundur í höfuðstöðvum KPMG að Borgartúni 27 undir yfirskriftinni **Fróðleikur á fimmtudegi**. Þar eru einstök álitæfni krufin og fundargestum veittur kostur á að koma með spurningar. Fyrirlesturinn er opinn öllum og boðið er upp á veitingar.

Næstkomandi fimmtudag, 30. ágúst, verður umfjöllunarefnið virðisaukaskattur í ferðaþjónustu og hefst fróðleikurinn stundvíslega kl. 8:30. Skráning á [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Fyrirlesarar eru Soffía Eydís Björgvinsdóttir og Alexander Eðvardsson.

### Hafðu samband:

#### Soffía Eydís Björgvinsdóttir Ábyrgðarmaður

Partner á skatta- og lögfræðisviði

s: 545 6089

n: [sbjorgvinsdottir@kpmg.is](mailto:sbjorgvinsdottir@kpmg.is)

#### Vilmar Freyr Sævarsson Ritstjóri

Lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði

s: 545 6146

n: [vsaevarsson@kpmg.com](mailto:vsaevarsson@kpmg.com)

### Hægt er að nálgast eldri tölublöð Skattatíðinda á heimasíðu KPMG

[www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Í bæklingi þessum koma fram almennar upplýsingar sem er ekki ætlað að lýsa aðstæðum tiltekinna fyrirtækja eða einstaklinga. Enginn ætti að grípa til aðgerða á grundvelli þessara upplýsinga nema tengja þær aðstæðum sínum eða leita faglegrar aðstoðar um það tilvik sem um ræðir.

© 2012 KPMG ehf., íslenski aðilinn að KPMG International Cooperative ("KPMG International"), svissnesku samvinnufélagi. Öll réttindi áskilin.